

31. mars 2022.

Sæll Guðmundur.

Ný umsókn vegna fyrirhugaðra viðbygginga við Þinghólsbraut 55 er endurgerð umsókn frá áður samþykktu máli frá April 2018 sem var á grendarkynnt og skipulagsráð samþykkti það sama ár.

Hafist var strax handa við að framkvæma stækkun á bílskúr en aðrir hlutar fóru bið meðal annars vegna Covid faraldurs.

Hin nýja umsókn fjallar um viðbyggingu við aðalhús/íbúðarhús neðar í lóð sunnanmegin og vinnustofu neðst í lóð:

1. Viðbygging við íbúðarhús samanstendur af eldhúsi, borðstofu og setusvæði á 1. hæð á suðurhorni hússins og góðri tenginu við garð ásamt þakverönd sem nýtist fyrir íbúð 2. hæðar.
2. Í vinnustofu/nýbyggingu neðst í lóð er gengið frá íbúðarhúsi austanmegin í gegnum garðinn samkvæmt meðfylgjandi teikningum og hefur engin áhrif á nærliggjandi lóðir. Vinnustofa samanstendur af vinnusal, vinnuherbergi, verkfærahirslum og geymslu samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Um er að ræða sömu upplýsingar og forsendur og var áður grendarkynnt og samþykkt 2018.

Virðingarfyllt

Davíð

Davíð Kr. Pitt arkitekt faí

GSM 896 2490